

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar

Prófnúmer próftaka:	
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (65%) ATH. Prófið er tvískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (65%), ágríp úr réttarfari (35%).		
Prófdagur:	29. október 2018	Kl.:	16:00 – 20:00
Próftími alls: 4 klst.	Prófblöð vegna þessa hluta prófsins (þ.m.t. forsíða): 4		
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar:	Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi <u>tvisvar</u> á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs. Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.
----------------	---

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (15,0%)

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, er sú regla lögfest að útvarpsstjóri skuli í samráði við starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins setja starfsreglur fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn og skilyrði áminningar og starfsloka. Í þeim reglum skal meðal annars kveðið á um að *málefnalegar ástæður* þurfi ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanns.

Í *Hrd. 557/2017* var deilt um túlkun á umræddu ákvæði. Starfsmanni (stefndi í tilvitnuðum forsendum að neðan), sem sagt hafði verið upp, reisti kröfu sína á því að með umræddu ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga 23/2013 væri þeim starfsmönnum Ríkisútvarpsins (áfrýjandi í tilvitnuðum forsendum að neðan) sem féllu undir ákvæðið ætluð sérstök vernd og þá þannig að Ríkisútvarpinu bæri að rökstyðja sérstaklega uppsögn þeirra og hvaða málefnalegu sjónarmið hafi ráðið henni. Væri sú skylda *almenn* og ætti þar að lútandi jafnframt við undir þeim kringumstæðum þegar uppsögn væri sögð hluti af aðhaldsaðgerðum í rekstri, líkt og háttaði til í umræddu máli.

Ríkisútvarpið taldi hins vegar að umræddu ákvæði væri ætlað að vernda starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn gegn því að vera sagt upp vegna skoðana sinna og tjáningar. Um það hefði ekki verið að ræða, og ákvæðið ætti því ekki við samkvæmt efni sínu.

Hæstiréttur tók undir með Ríkisútvarpinu, með svofelldum rökstuðningi:

„Að því er varðar skýringu á 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013 var í hinum áfrýjaða dómi fallist á sjónarmið stefnda og þrengri skilningi áfrýjanda hafnað. Þar sagði að þegar tekin væri afstaða til ágreinings aðila þessa efnis væri ekki „óvarlegt“ að líta til þess hvernig dómstólar hafi skýrt reglur stjórnsýsluréttarins um að málefnalegar ástæður þyrftu að búa að baki uppsögn almennra ríkisstarfsmanna við hagræðingu. Taldi héraðsdómur að ekki væru komnar fram fullnægjandi skýringar á því hvers vegna stefndi var tekinn í hóp þeirra sem sagt var upp störfum í nóvember 2013 og leiddi það til þess að uppsögn hans hafi verið ólögmeit. Voru stefnda dæmdar skaða- og miskabætur af þeim sökum.

Við skýringu á 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013 verður litið til lögskýringargagna en þar segir meðal annars: „Greinin, sem er nýmæli, kveður á um réttindi og skyldur starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna. Um viðkomandi starfsmenn gilda ákveðin sérsjónarmið vegna ritstjórnarlegrar ábyrgðar þeirra. Ástæðan er sú að talið er nauðsynlegt að veita þeim sem vinna við að veita „lýðræðislegt aðhald“ vernd umfram aðra starfsmenn.“

Fyrirmæli í framangreinda veru eiga sér beina samsvörun í ýmsum sérstökum réttindum blaða- og fréttamanna samkvæmt V. kafla laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Áréttað er það sem fram er komið að almennt gilda hvorki reglur opinbers starfsmannaréttar né reglur stjórnsýsluréttar um réttarstöðu, þar með talið um uppsögn, starfsmanna opinberra hlutafélaga heldur reglur hins almenna vinnumarkaðar. Þegar af þeirri ástæðu standa ekki rök til þess að skýra umrædda sérreglu rýmra en augljóslega leiðir af efni hennar og lögskýringargögnum og felst í því að vernda starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn gegn því að vera sagt upp vegna skoðana sinna og tjáningar. Fæli rýmri skýring jafnframt í sér ósamrýmanlega mismunun gagnvart öðrum starfsmönnum áfrýjanda sem ekki njóta verndar sérreglu 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013.“

Gerð grein fyrir forsendum Hæstaréttar, með ykkar eigin orðum, út frá þekkingu ykkar á lögskýringarfræðum.

Það athugast að úrlausn verkefnisins krefst hvorki þekkingar á tilvitnuðu hæstaréttarmáli sem slíku né á þeim lögum sem þar er vísað til.

2. Ritgerð (20,0%)

Svarið *annað* hvort spurningu A eða B.

- A) Lýsið helstu sjónarmiðum sem gilda um tengsl EES-réttar og landsréttar, þ.m.t. muninn á EES-rétti og ESB-rétti í þessu tilliti.
- B) Gerið grein fyrir helstu réttarheimildum íslensks réttar, þ.m.t. innbyrðis rétthæð þeirra.

3. Raunhæft verkefni (15,0%)

X hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu til heimtu skaða- og miskabóta vegna tjóns sem X kveðst hafa orðið fyrir og sem rekja megi til þess að tilgreindum aðilum hafi verið heimilað að reka spilakassa. X kveður starfsemina ólögsmæta, þar sem hún brjóti gegn ákvæði 183. gr. almennra hegningarlaga (sem eru *almenn lög*) um bann við fjárhættuspilum. Starfsleyfishafarnir hafa á hinn bóginn vísað til atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrár. Þá fái starfsemi þeirra stoð í reglugerð, og styðjist auk þess við venju.

Takið rökstudda afstöðu til þeirra álitaefna sem málavaxtalýsingin gefur tilefni til, út frá þekkingu ykkar á réttarheimildafræðum.

4. Tengingar (5,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,25%.
- (ii) Dregið er frá 0,625% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins einn valmöguleiki í hverri tengingu er réttur.

Fordæmi	Réttarheimild
Ólögfestir þjóðréttarsamningar	Lögskýringarsjónarmið
Sett lög	Afleidd réttarheimild
Stjórnarskrá	Lex superior

5. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Af íslenskri dómaframkvæmd má ráða að röð réttarheimildanna er með öllu óundanþæg.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Réttarheimildaleg staða reglugerða að landsrétti er sú sama að EES- og ESB-rétti.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Ólögfestir þjóðréttarsamningar hafa enga þýðingu að íslenskum rétti, þ.m.t. við lögskýringu.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Dómsstólar geta ekki formlega felld lög úr gildi.
☐ Rétt
☐ Rangt
5. Dómsstólar geta í grunninn dæmt um lögmæti ákvarðana framkvæmdavaldsins, en ekki tekið nýjar ákvarðanir í stað þeirra.
☐ Rétt
☐ Rangt
6. Stjórnvaldsfyrirmæli verða fortakslaust lögð til grundvallar sem réttarheimild, að því gættu að sérstök heimild sé til setningar þeirra („heimildarákvæði“) í almennum lögum.
☐ Rétt
☐ Rangt
7. Löggjöfnun og gagnályktun frá sama ákvæði geta leitt til andstæðrar niðurstöðu.
☐ Rétt
☐ Rangt
8. Tilskipanir hafa lóðrétt réttaráhrif að EES- og ESB-rétti, án tillits til innleiðingar (að þeim sé veitt lagagildi).
☐ Rétt
☐ Rangt
9. Vanræki ríki skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum, svo sem varðandi innleiðingu afleiddrar löggjafar, leiðir slíkt fortakslaust til skaðabótaábyrgðar.
☐ Rétt
☐ Rangt
10. Ekki eru allir angar ríkisvalds bundnir af reglum stjórnsýsluréttar.
☐ Rétt
☐ Rangt